

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 15/1994.

Þorbjörg Atladóttir

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Guðmundi Inga Kristinssyni

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Óvígð sambúð. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Með heimild í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. skaut sóknaraðili máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1993, sem barst réttinum 12. janúar 1994. Hann krefst þess, að synjað verði þeirrar kröfu varnaraðila, að fram fari opinber skipti til fjárlita milli aðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar. Til vara krefst hann þess, „að málinu verði heimvísað til flutnings að nýju“.

Telja verður nægjanlega í ljós leitt, að málsaðilar hafi að verulegu leyti verið samvistum um átta ára skeið eða frá 1984 til 1992. Aðilar áttu barn saman 5. desember 1988, og sóknaraðili taldi sig ekki einstæða móður, þegar hún sótti um gæslu fyrir barnið hjá dagmóður haustið 1989. Þá taldi hún þau og til sama heimilis, en lögheimili þeirra var aldrei sameiginlegt. Ekki er annað fram komið en að þau hafi varið tekjum sínum til sameiginlegra þarfa, og þau voru með gagnkvæma líftryggingu árin 1988-1992. Hnígur þetta ásamt framburði fjölda vitna að þeirri niðurstöðu, að þau hafi verið í óvígðri sambúð um árabíl, sbr. 100. gr. laga nr. 20/1991. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Þorbjörg Atladóttir, greiði varnaraðila, Guðmundi Inga Kristinssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 1993.

Með bréfi, dagsettu 9. ágúst 1993, krafðist Guðmundur Ingi Kristinsson, kt. 300752-4469, Leirubakka 2, Reykjavík, þess, að opinber skipti hæfust til fjárslita milli hans og Þorbjargar Atladóttur, kt. 200256-4979, Kringlunni 57, Reykjavík. Vísaði hann um heimild til skiptanna til 100. gr. laga nr. 20/1991.

Af hálfu Þorbjargar Atladóttur var kröfu um opinber skipti mótmælt, og hefur því verið rekið ágreiningsmál skv. ákvæðum 1. mgr. 120. gr., sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 20/1991. Skiptabeiðandi, Guðmundur Ingi, er sóknaraðili, en Þorbjörg Atladóttir varnaraðili. Málið var tekið til úrskurðar að lokinni aðalmeðferð 6. desember sl.

Sóknaraðili krefst þess að fram fari opinber skipti til fjárslita milli hans og varnaraðila málsins. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu og að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Við munnlegan málflutning krafðist sóknaraðili að auki álags á málskostnað skv. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili krefst þess að synjað verði kröfu sóknaraðila um að fram fari opinber skipti til fjárslita milli málsaðila og að varnaraðili verði að öllu leyti sýknaður af kröfum sóknaraðila, ennfremur, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun og að málskostnaðurinn beri vexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Í skiptabeiðni lýsir sóknaraðili málsatvikum á þann veg að sambúð aðila hafi hafist um áramótin 1984–85. Hann segir að á þeim tíma hafi sóknaraðili verið undir gjaldþrotaskiptum, en Þorbjörg átt fjögurra herbergja íbúð í Hvassaleiti 157, að hálfu á móti foreldrum sínum. Aðilarnir hafi búið í þeirri íbúð og á meðan þau bjuggu þar hafi verið skipt um öll gólfefni og gler í gluggum, íbúðin verið máluð og smíðaðar nýjar eldhúsinnréttingar og klæðaskápar, klæddur veggur í svefnherbergi og smíðað skrifborð, bókahillur í barnaherbergi og skipt um sólbekki, sófasett verið yfirdekkkt með leðri, keypt heimilistæki og innbú. Sóknaraðili hafi einn séð um þetta og kostað að mestu leyti sjálfur. Sóknaraðili segir að íbúð þessi hafi verið seld um áramótin 1989/1990 fyrir 6.100.000,00 en í staðinn keypt raðhús að Kringlunni 57 fyrir kr. 11.800.000,00. Kaupverðið hafi verið innt af hendi með yfirtöku veðdeildarláns að fjárhæð kr. 3.000.000,00 og tekin tvö lán, hvort að fjár-

hæð 100.000,00, auk þess sem lífeyrissjóðslán hafi hvílt á Hvassaleiti og verið flutt á Kringluna 57.

Húsið að Kringlunni 57 segir sóknaraðili hafa verið tilbúið undir tréverk, þó hafi verið komið rafmagn og hreinlætistæki verið til staðar. Sóknaraðili hafi séð um að standsetja íbúðina enda faglærður trésmiður og hafi kostað framkvæmdirnar einn.

Þá bendir sóknaraðili á að keypt hafi verið líftrygging fyrir báða aðila og hafi þau verið réttthafar til bóta gagnkvæmt.

Fram hefur komið að sóknaraðili er einn hluthafa í hlutafélaginu Nýbú, og starfar hann einn við það fyrirtæki. Mestallt það efni, er lagt var fram til innréttinga hússins að Kringlunni 57, mun hafa verið tekið út hjá þessu fyrirtæki.

Við munnlegan málflutning studdi sóknaraðili málskostnaðarkröfu sína sérstaklega við c-lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um álag á málskostnað við 2. mgr. 131. gr.

Varnaraðili hefur í greinargerð sinni mótmælt því að aðilar hafi verið í óvígðri sambúð. Í greinargerð segir m. a. svo:

„Umbjóðandi minn kveður kynni sín og sóknaraðila hafa byrjað um áramótin 1984/85. Eins og fram kemur í greinargerð sóknaraðila var hann gjaldþrota á þessum tíma. Umbj. m. kveður sóknaraðila þá hafa verið algjörlega eignalausar og einnig atvinnulausar.

Þegar kynni málsaðila hófust átti sóknaraðili tvö hjónabönd að baki, sem bæði höfðu endað með skilnaði. Hann hafði eignast barn og ættleitt tvo drengi í síðara hjónabandinu. Kveður umbj. m. sóknaraðila hafa verið illa farinn og ósáttan við lífið og tilveruna á þessum tíma.

Umbjóðandi minn hafði áður verið í sambúð og eignast tvö börn, sem hún hefur alið upp á heimili sínu. Hún átti 4ra herbergja íbúð að Hvassaleiti 157 í Reykjavík, að hálfu á móti foreldrum sínum.

Með tilliti til reynslu beggja málsaðila úr fortíðinni kveður umbjóðandi minn þau bæði hafa viljað fara varlega og ekki taka upp sambúð. Nánari kynni umbj. m. af sóknaraðila hafi síðan leitt í ljós ýmsa galla í skapgerð og hegðan hans, sem gerði umbj. m. algjörlega fráhverfa því að taka upp sambúð með honum.

Umbj. m. og varnaraðili áttu aldrei skráð sameiginlegt lögheimili. Lögheimili sóknaraðila var á heimili foreldra hans á þessum tíma. Þá höfðu málsaðilar aldrei sameiginlegan fjárhag að neinu leyti, enda hafa þau ætíð talið fram til skatts hvort fyrir sig, en aldrei sameiginlega. Telur umbj. m. þetta staðfesta ótvírætt, að hvorugur málsaðila hafi nokkru sinni litið á sambandið þeirra á milli sem óvígða sambúð.“

Varnaraðili lýsir því hvernig hún hafi staðið að fjármögnun kaupanna á Kringlunni 57. Kemur jafnframt fram hjá henni að húsið hafi verið lengra komið í byggingu en sóknaraðili heldur fram, en þá hafi verið búið í húsinu í þrjú ár að sögn varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að hún hafi á þessum árum haft góðar tekjur, en sóknaraðili mjög litlar. Telur varnaraðili að tekjur sóknaraðila gefi ekki til efni til eignaaukningar.

Varnaraðili segir allt uppgert milli aðila vegna vinnu sóknaraðila við innréttingar á Kringlunni 57 og viðhald að Hvassaleiti 157. Smíðavinnan hafi gengið upp í meðlagsgreiðslur með barni málsaðila fyrir árin 1989–1991. Þá hafi hún undir nauðung frá sóknaraðila afsalað bifreið til Nýbús hf. án þess að greiðslur kæmu fyrir aðrar en að yfirtekin hafi verið skuld við Íslandsbanka hf. Sóknaraðili hafi tekið bíl þennan í sína vörslu og þar með hafi smíðavinnan öll verið uppgærd.

Varnaraðili tekur fram að öll efniskaup hafi verið greidd af henni.

Telja verður að hugtakið óvígð sambúð í 100. gr. skiptalaga nr. 20/1991 vísi til þeirrar aðstöðu er maður og kona búa saman svo sem þau væru hjón. Því er nauðsynlegt hvort tveggja að um sameiginlegt heimilishald sé að ræða og að fjárhagur þeirra sé a.m.k. að hluta til samofinn, svo að ekki verður sundur greint til hlítar.

Telja verður að sannað sé bæði með skýrslum aðila og framburði fjölda vitna að aðilar málsins hafi haldið til á sameiginlegu heimili um allanga hríð.

Sambland fjárhags þeirra er hins vegar ekki jafnljóst, af því, sem fram hefur komið. Hins vegar verður að telja að nægilega sé fram komið að fjárhagur þeirra hafi skarast. Verður þá litið til gagna um bifreiðaskráningar, framburðar vitna um framlög og vinnu við endurbætur og frágang á íbúðarhúsnæði, líftryggingu þá, er í gildi var á tímabili, og önnur gögn málsins.

Með hliðsjón af framansögðu eru uppfyllt skilyrði 100. gr. laga nr. 20/1991 til skiptameðferðar til fjárslita milli málsaðila. Með því að sóknaraðili hefur lagt fram hæfilega tryggingu fyrir skiptakostnaði verður krafa hans tekin til greina.

Dæma ber varnaraðila til að greiða málskostnað. Að gættu öllu, sem skylt er, verður hann ákveðinn 150.000,00 kr.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fram skal fara skiptameðferð skv. XIV. kafla laga nr. 20/1991 til fjárslita milli sóknaraðila, Guðmundar Inga Kristinssonar, og varnaraðila, Þorbjargar Atladóttur.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 150.000 í málskostnað.